

Leiðsagnarmat í 2. bekk

Nemendur og kennari safna völdum verkefnum í sýnismöppu sem nýtt er til að gera nemendum/kennara og foreldrum grein fyrir framförum í námi barnsins.

Nemendur nota áformsbók þar sem þeir þurfa að meta hegðun sína eða aðra félagsfærni daglega. Kennari setur einnig fram sitt mat og ræðir við barnið um hvernig dagurinn hefur gengið. Einnig þurfa nemendur að skipuleggja heimanám sitt yfir vikuna í samvinnu við foreldra og skrá í áformsbókina. Í áformsbókinni merkir barnið einnig við í hvaða námsgreinum það vann í yfir daginn.

Kennari notar matslista (stig í félagsþroska) til að meta félagsfærni nemenda að hausti (september) og að vori (apríl/maí). Foreldrum gerð grein fyrir í foreldraviðtali hvernig barnið stendur í félagslegum samskiptum.

Kennari notar gátlista til að meta hvert þemaverkefni og leitar þá sérstaklega eftir: virkni nemanda í tímum, vinnubrögðum, þátttöku í umræðum, frumleika og skapandi hugsun.

Rætt við nemendur um hvað kennari er sérstaklega ánægður með og eins hvernig bæta má það sem verr gengur. Hrósi beytt á markvissan hátt til að auka færni nemenda. Nemandi setji sér markmið í foreldraviðtali í október um eitthvað sem hann vill bæta í sínu námi og félagsþroska.